

## FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2000-02

Fundartími: Föstudagur 12. maí 2000 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

### Fundarefni:

1. Störf raforkuhóps.
2. Raforkunotkun fyrstu þriggja mánaða ársins 2000.
3. Notkunarflokkar raforku 1999.
4. Aflþörf raforkukerfisins 1999.
5. Störf jarðvarmahóps.
6. Störf eldsneytishóps.
7. Heimasíða Orkuspárnefndar.
8. Skipan Orkuspárnefndar.
9. Önnur mál.

---

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Þorkell Helgason  
Magnús Magnússon  
Jón Rúnar Sveinsson  
Pétur E. Þórðarson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun:

Árni Ragnarsson

5. Fyrst var fjallað um lið 5) á dagskránni og dreifði ÁR einu blaði um störf jarðvarmahóps. Hópurinn hefur ekki haldið fund frá því að nefndin kom síðast saman. Eyðublöð voru send til hitaveitnanna vegna árlegrar

gagnasöfnunar og hafa nú 9 af 30 veitum skilað inn gögnum. Lítillega hefur verið unnið að undirbúningi jarðvarmaspár en í sumar verður fengin sumarmaður til að vinna að því máli.

1. JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps sem hefur haldið þrjá fundi frá því nefndin kom síðast saman. Unnið hefur verið að reglulegri úrvinnslu gagna um orkunotkun og álag á raforkukerfið á síðasta ári og liggja nú allar orkutölur fyrir.
2. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 12,6% á fyrsta ársfjórðungi. Flutningstöp hafa aukist um 24,0% og eigin notkun Landsvirkjunar um 27,5%. Eigin notkunin vex þetta mikið vegna þess að mæling hafði fallið niður á notkun í Kröflu á fyrsta ársfjórðungi 1999. Töpin minnkuðu um 28% á fyrsta ársfjórðungi á síðasta ári en á fyrsta ársfjórðungi 1998 voru þau 67 GWh en 60 GWh núna þannig að þau eru þó ekki orðin eins mikil og fyrir tveimur árum síðan. Stórnotkun vex um 15,2% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 8,5%. Aukningin er mikil í ótryggðu orkunni eða 33% en 5,2% í forgangsorkunni. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en fyrstu þrjú mánuðir ársins voru hlýrri en á síðasta ári eða 0,1°C í stað -0,7°C. Aukning notkunar eykst því við hitastigsleiðréttingu en á móti því kemur leiðrétting vegna hlaupárs og jafnar þetta nokkurn veginn hvort annað út. Leiðrétt notkun forgangsorku eykst um 5,1% á fyrsta ársfjórðungi ársins. JV sagði að þetta væri meiri aukning en við höfum séð undanfarin ár og taldi eina skýringu góða loðnuveiði en einnig væri góðærið greinilega að skila sér í mikilli notkun.
3. JV dreifði töflum um notkun forgangsorku til almennra nota árin 1992-99 eftir notkunarflokkum. JV benti á að heimilisnotkun hafi vaxið um 20 GWh á síðasta ári en meðalaukning síðustu 7 ára er 10 GWh. Uppgangur í efnahagsmálum er þannig farinn að skila sér í aukinni heimilisnotkun enda er fólksflutningar nú til landsins auk þess sem mikið sala er í fasteignum og einkaneysla hefur aukist mikið. Mikil aukning er einnig í þjónustustarfsemi og þar jókst notkun um 35 GWh á síðasta ári en meðalaukningin er tæpar 20 GWh/ári síðustu 7 árin. Aukningin er mest í flokknum Veitingarstaðir og síðan í Menningarmál. MM benti á að notkunarflokkar raforku væru ekki í fullu samræmi við ISAT95 flokkunina, aðallega hvað varðar þjónustuflokkana. JV sagði að á sínum tíma hefði verið tekið mið af ISIC flokkuninni en síðan hefði ISAT tekið við af henni. Hann sagði að varlega þyrfti að fara með breytingar á þessari flokkun það sem slíkt væri mikið mál hjá veitufyrirtækjunum. ÞH benti á að breytt skipulag raforkumála gæti gert erfitt með að fá upplýsingar sem þessar og því væri mikilvægt að ákvæði væru um skil á slíkum gögnum í nýjum raforkulögum. JV og ÞH var falið að athuga með atvinnugreinaflokkunina og skila á gögnum um raforkusölu í drögum að nýjum raforkulögum.
4. JV sagðist vera búinn að fá mest öll aflgögnin og þau eru mikið til komin inn í gagnagrunninn. Hann sagði að fyrstu niðurstöður bentu til þess að mesta álag á raforkukerfið hefði komið 1. desember og að þá hefði álag á kerfið numið 996 MW. Hann sagði að það ætti eftir að fara betur yfir þessi gögn auk þess

sem aukin vinnsla í Svartsengi kæmi ekki fram í gögnum frá Hitaveitu Suðurnesja.

6. JV dreifði einu blaði um störf eldsneytishóps og sagði að hann hefði haldið einn fund frá því nefndin kom síðast saman. Þar var fjallað um gögn um eldsneytisnotkun á síðasta ári. Stefnt er að því að vinna að fullum krafti að nýrri eldsneytisspá í sumar og að gengið verði frá nýrri spá næsta haust.
7. JV sagði að svæðisnetfang væri orðið virkt fyrir nefndina en það er orkuspa.is. ÞH benti á að gott væri að hafa tengla þaðan yfir á aðrar áhugaverðar síður.
8. ÞH sagði að Guðmundur Þóroddsson hefði fengið formlegt boð um þátttöku í nefndinni. JV sagði að Guðmundur hefði ekki getað mætt á fundinn í dag. Hann sagðist einnig hafa rætt við Júlíus Jónsson og væri hann tilbúinn að taka sæti í nefndinni en hann hefði ekki getað mætt í dag.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 8. september kl 13:30. Fundi slitið kl. 14:45.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 12. maí 2000. Raforkuhópur Orkuspárnefndar". (JV)

Raforkunotkun 2000, 1. ársfjórðungur. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, 1. ársfjórðungur. (JV)

Raforkunotkun á Íslandi 1992-99. Forgangsrorka til almennra nota. (JV)

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 12. maí 2000." (ÁR)

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 12. maí 2000. Eldsneytishópur Orkuspárnefndar". (JV)